

Til: Bæjarráðs

Frá: Elínu S. Kristinsdóttur skjalastjóra

Dags: 13. desember 2021

Efni: Eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands sem beindist að skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa

Minnisblað

Í allri skjalavörslu og skjalastjórn á sveitarstjórnarskrifstofu Hafnarfjarðarkaupstaðar er tekið mið af við lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglur og leiðbeiningar sem út hafa verið gefnar á vegum Þjóðskjalasafns Íslands um efnið eftir því sem við hefur verið komið.

Skjalageymsla.

Mikil breyting til batnaðar varð á geymslumálum skjalasafns sveitarstjórnarskrifstofunnar þann 1. október í ár en þá var tekin á leigu rúmgóð skjalageymsla að Hvaleyrarbraut 39 með aðstöðu fyrir skjalavörð. Flutningur gagna í geymsluna er þegar hafinn og er stefnt að því að fá hana samþykka í Þjóðskjalasafni eins og lög gera ráð fyrir á komandi ári.

Pappírsskjalavarsla.

Mikið verk hefur verið unnið hvað pappírsskjalavörslu varðar en þó má vænta þess að það taki nokkur ár að koma henni að fullu í það horf sem lög segja til um. Staðan er misjöfn eftir þeim sex sviðum sem til sveitarstjórnarskrifstofunnar teljast. Engum gögnum eldri en 30 ára sem varðveitt eru á vegum sveitarstjórnarskrifstofunnar hefur enn verið skilað í Þjóðskjalasafn.

Á vegum sveitarstjórnarskrifstofunnar var hér áður (fyrir 2014) tekið á móti einkaskjalasöfnum sem þar eiga ekki heima og rétt hefði verið að skila í Þjóðskjalasafn. Söfnin eru ófrágengin í óheppilegum umbúðum. Ljóst er að kostnaður við frágang þeirra og skil í Þjóðskjalasafn mun falla á sveitarfélagið.

Rafræn skjalavarsla.

Hjá Hafnarfjarðarbæ er nú unnið markvisst að því að koma á rafrænni skjalavörslu með verkefninu Nútímavæðing skjalamála sem hófst í kjölfar úttekta KPMG á vormánuðum nú í ár. Verkefnið er umfangsmikið en stefnt er að því að komast í rafræna skjalavörslu á komandi ári. Enn sem komið er hafa engin rafræn gagnasöfn með eða án skjala sem notuð eru á sveitarstjórnarskrifstofunni hlotið samþykki í Þjóðskjalasafni Íslands.

Lokaorð.

Sveitarfélagið Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins og verður þar því til mikið magn gagna bæði á rafrænu formi og pappír. Mörg og mikilvæg verkefni heyra undir skjalvörslu og skjalastjórn sveitarfélagsins og skal það ítrekað að til hennar eru gerðar strangar kröfur í lögum um opinber skjalasöfn.